

Svarfhólsvöllur í 18 holur

- Golfklúbbur Selfoss og Árborg undirrita samsstarfssamning



Sveitarfélagið Árborg og Golfklúbbur Selfoss hafa undirritað samstarfssamning vegna uppbyggingar 18 holu golfvallar á Svarfhólsvelli á Selfossi.

Samningurinn felur í sér að GOS taki að sér að sjá um framkvæmdir við stækkun Svarfhólsvallar á Selfossi upp í 18 holu golfvöll. Markmið uppbyggingarinnar er að byggja upp glæsilegan golfvöll sem geti tekið við stærstu mótum landsins ásamt því að umhverfi hans sé til fyrirmyndar og nýttist íbúum og gestum sem almennt afþreyingar og útivistarsvæði.

Sveitarfélagið Árborg greiðir samkvæmt samningnum kr. 150 milljónir- til framkvæmdanna sem skiptast í 10 jafnar greiðslur næstu 10 árin. Framkvæmdin hefur verið hugsuð á eins

umhverfisvænan hátt og kostur er en hönnuður vallarins, Edwin Roland leggur mikla áherslu á umhverfismál í hönnuninni.

Golfklúbbur Selfoss hefur vaxið jafn og þétt undanfarið ár og með nýrri inniáðstöðu á Svarfhólsvelli er félagið komið með góða æfingaaðstöðu allt árið um kring. Félagið leggur ríka áherslu á umhverfismál í daglegum rekstri og kolefnisjafnar meðal annars með ræktun og umhirðu golfvallarins ásamt umhirðu knattspyrnuvalla í sveitarfélaginu.

Á myndinni eru þeir Tómas Ellert Tómasson, formaður eigna- og veitunefndar, Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri, Páll Sveinsson, formaður GOS og Hynur Geir Hjartarson, framkvæmdastjóri GOS við undirritun samningsins.

Kvenfélagið Eining bakaði 2100 kleinur

Kvenfélagskonurnar í Kvenfélaginu Einingu í Hvolhreppi láta sér ástandið ekki vaxa í augum þegar farið er í fjáraflanir. Í samtali við Margréti Guðjónsdóttur, formanni Einingar kemur fram að það þurfi að finna aðrar leiðir þegar hefðbundnar leiðir ganga ekki upp. „Í Kvenfélaginu Einingu, Hvolhreppi, eru kraftmiklar konur, sem kunna ekki við að sitja með hendur í skauti og bíða



eftir því að „óværan hverfi“. Við brugðum á það ráð að auglýsa á fésbókarsíðunni okkar kleinur til sölu. Þá vorum við með fría heimsendingu að auki,“ segir Margrét. Pantanir bárust víða að úr sýslunni og meira að segja frá Selfossi. Skemmst er frá því að segja að þær tóku áskoruninni og komu nýbökudum kleinum til svangra Selfyssinga sem

annarra. „Fólk var að panta 1-10 poka af kleinum. Við hittumst svo á sunnudeginum 18. apríl sl. Þarna steiktum við um 2100 kleinur sem fóru vítt og breitt um Suðurlandið. Apótekarinn á Hvolsvelli var svo elskulegur að styrkja félagið um 200 bréfpoka undir kleinurnar og við viljum gjarna skila fyrirtækinu góðum þökkum fyrir þann stuðning. Sömuleiðis fá allir sem keyptu af okkur kleinur hinar mestu þakkir fyrir þátttökuna í þessu skemmtilega ævintýri,“ segir Margrét að lokum.



Mikið var hlegið og skrafað meðan nýsteiktum kleinum var pakkað í pokana góðu frá Apótekanum á Hvolsvelli.

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



ATVINNA - ATVINNA - ATVINNA FRAMTÍÐAR DAGVINNA Á SELFOSSI!

MAMMA LEITAR AÐ MANNESKJU VIÐ AFGREIÐSLU OG
ANNAN TILFALLANDI, UM 50 - 100 % STARF ER AÐ RÆÐA.

- * GÓÐ ÞJÓNUSTULUND
- * 100 % ÍSLENSKU MÆLANDI
- * ENSKU KUNNAÁTTA ÆSKILEG

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HVITA@HVITA.IS EÐA Í S: 893-9949



GARÐEIGENDUR OG STOFNANIR ATHUGIÐ

Nú er rétti tíminn til að klippa og snyrta tré og runna.
Fellum og fjarlægjum stór tré.
Við höfum tæki og fagmenn í verkið.

Sími 894 0444
bokkiehf@gmail.com



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.



Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Glæðum landsbyggðina nýju lífi

Að flytjast búferlum og víkka þar með sjóndeildarhringinn er gott veganesti út í lífið. Ég og maðurinn minn tókum þá ákvörðun að flytjast búferlum til Noregs á sínum tíma. Ég stundaði nám við lagadeild háskólans í Ósló og lauk þaðan mastersprófi. Í framhaldi starfaði ég síðan hjá sendiráði Íslands í Ósló. Maðurinn minn er búfræðingur að mennt og aflaði hann sér frekari reynslu innan norska landbúnaðarins. Víkkaði hann þar með sinn landbúnaðarsjóndeildarhring. Við bjuggum alls sex ár í Noregi. Fyrst í Heiðmörk og síðar í litlum bæ sem heitir Frogner. Landbúnaður á hug og hjörta okkar og stundum við í dag mjólkurframleiðslu í Rangárþingi.

Horfum til Noregs - ferðir til og frá vinnu niðurgreiddar fyrir landsbyggðarfólk

Samgöngur í Noregi eru góðar og auðvelt að stunda nám eða atvinnu fyrir þá sem búa á landsbyggðinni. Algengt er að vinnustaðir bjóði starfsmönnum að vinna heima hluta úr viku eða eftir öðru fyrirkomulagi, svokallað heimmekontor. Það eru ekki eingöngu góðar samgöngur og sveigjanlegur vinnutími sem styrkir búsetu á landsbyggðinni í Noregi heldur einnig fjárhagslegir hvarar af hálfu hins opinbera. Ferðir til og frá vinnu eru niðurgreiddar sem nemur fastri fjárhæð fyrir hvern ekin km. Önnur leiðin þarf að vera að lágmarki 33 km og er niðurgreiðslan óháð því hvernig viðkomandi kemur sér til vinnu, hvort heldur með lest, strætó, einkabíl eða í samfloti með öðrum. Ef hjón keyra saman þá getur hvort um sig sótt um niðurgreiðslu.



Heiðbrá Ólafsdóttir, Jóhann Rúnar Sævarsson og hundurinn Boli við Geiranferfjord í Noregi sumarið 2015. Mynd: Heiðbrá Ólafsdóttir.

Sértækur stuðningur fyrir ákveðin búsetusvæði

Í Noregi eru fjárhagslegir byggðahvarar fyrir ákveðin búsetusvæði. Meginmarkmiðið er að skapa aðlaðandi búsetuskilyrði fyrir fjölskyldur í þeim tilgangi að styrkja og efla brotættar byggðir. Fjárhagslegu byggðahvararnir fela m.a í sér lægri tekjuskatt, niðurfærslu á námslánum sem og niðurfellingu námslána fyrir grunnskólakennara. Þessu til viðbótar eru fyrirtæki á svæðinu undanþegin tryggingargjaldi.

Framtíð Suðurlands

Það er mikilvægt hagsmunamál fyrir íbúa Suðurlands þar sem mikill fólksflutningur hefur verið til svæðisins síðastliðin ár

einkum sökum hækkandi fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu að þessi mál verði skoðuð með það að markmiði að styrkja búsetuskilyrði Suðurlands til framtíðar.

Við hjónin keyrðum eitt sumarið til Þrándheims. Vorum við heilluð af því hversu blómleg og lifandi landsbyggðin er í Noregi, litlir þéttbýliskjarnar allt um kring og iðandi mannlíf. Það er gömul saga og ný að það er margt sem við getum lært af frændum okkar í Noregi.

Víkum sjóndeildarhring byggðamála á Íslandi. Sköpum fjárhagslega byggðahvata. Eflum sveigjanleika atvinnulífsins. Glæðum landsbyggðina nýju lífi - fyrir Ísland allt.

34 nemendur Sunnulækjarskóla áfram í Stærðfræðikeppninni Pangea

Stærðfræðikeppnin Pangea Shefur verið haldin á Íslandi á hverju ári síðan 2016. Allir nemendur í 8. og 9. bekk geta tekið þátt í fyrstu umferð keppinnar. Stigahæstu keppendur úr fyrstu umferð komast áfram í aðra umferð og ræðst í þeirri umferð hverjir komast alla leið í úrslit. 3783 nemendur í 8. og 9. bekk um allt land tóku þátt í fyrstu umferð. Við erum stolt að segja frá því að Sunnulækjarskóli á 34 nemendur sem komust áfram í aðra umferð keppinnar sem fór fram 16. mars síðastliðinn, segir í tilkynningu frá skólanum.

Nemendur úr 8. bekk sem komust áfram í aðra umferð Pangea. Frá vinstri: Viktoría Björg, Silja Lind, Dagný Katla, Aðalheiður Ágústa, Stephanie Ósk, Ársæll, Oliwia Eva og Eyþór Birnir. Fremri röð: Þórrey Kristín og Helga Júlía. Á



Hluti hópsins sem komst áfram í stærðfræðikeppninni Pangea.

myndina vantar: Anný Elísabet, Arnbjörgu Ýr, Bergros og Harald Elí.

Nemendur úr 9. bekk sem komust áfram í aðra umferð Pangea. Aftari raðir frá vinstri: Aþena Rós, Konráð Ingi, Bergþóra Sól, Guðmundur Alexand-

er, Dýrleif Nanna, Axel Sturla, Eva Katrín, Daniel Breki, Oliver Jan, Gísli Steinn, Birkir Hrafn, Baldur Prause og Sindri Steinn. Fremri röð: Tinna Lind, Arnór Daði, Sigurður Darri, Ari Gauti, Bjarni Valur, Dagur Nökkvi og Hörður Anton.



VIÐ PRENTUM

BOÐSKORT



SÍMI 482 1944
SELFOSS@PRENTMETODDI.IS



BUXNADAGAR

ALLAR BUXUR Á AFSLÆTTI

FRÁ MIÐVIKUDEGI 21. APRÍL TIL FÖSTUDAGS 30. APRÍL

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyraveggi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

TÍSKUVERSLUN.IS – KÓÐI: BUXUR20

VERIÐ VELKOMIN

Sveitarfélagið Árborg endurnýjar þjónustusamning við BFÁ

Sveitarfélagið Árborg og Björgunarfélag Árborg hafa endurnýjað þjónustusamning um verkefni sem björgunarfélagið kemur að í sveitarfélaginu.

Samningurinn felur í sér helstu verkefni sem björgunarfélagið kemur að en þau eru framkvæmd áramótabrennu á Selfossi, flugeldasýningar, aðstoð við snjómokstur fyrir eldri borgara, viðhald jólaljósa á Ölfusárbrú og framkvæmd sjómanna dagshátíðar á Stokkseyri ásamt aðkomu að öðrum hátíðum. Sveitarfélagið Árborg styrkir félagið einnig árlega með sérstökum rekstrarstyrk sem fer í almennan rekstur, barna- og ungmennastarfið og æfingar félagsmanna.

Björgunarfélag Árborgar er mikilvæg stöð í samfélaginu og sinnir fjölda útkalla á hverju ári, flest í nærsamfélaginu en einnig um allt land. Helsta fjáröflun fé-



Guðbjörg Jónsdóttir, formaður frístunda- og menningarnefndar, Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri, Jóhann Valgeir Helgason, formaður BFÁ og Katrín Rut Sigurgeirsdóttir.

lagsins á hverju ári er flugeldasalan en sú nýjung að bjóða upp á gróðursetningu eða svokallað „rótarskot“ hefur gengið vel og má segja að félagið sé komið af stað í þá vegferð að kolefnis- og stjórnsýslu sína starfsemi.

Núverandi samningur er til eins árs en til stendur að vinna drög að lengri samningi á árinu enda samstarfið gengið mjög vel í gegnum árin og er ánægjulegt að samstarfið haldi áfram.

Styrr um útgáfu skuldabréfa í Árborg

Á fundi bæjarstjórnar í Árborg lagði bæjarstjóri til við bæjarstjórn að „gefni verði út skuldabréf á markaði að fjárhæð allt að kr. 2,2 milljarðar til að fjármagna fjárfestingar samkvæmt fjárhagsáætlun ársins 2021. Landsbankanum verði falið að annast skuldabréfaútgáfuna og stefnt að því að um verði að ræða að mestu leyti svokölluð rauð og græn skuldabréf. Heimilt verði að stækka útgáfuna ef augljós tækifæri gefast til hagkvæmrar endurfjármögnunar.“

Í bókun sem Kjartan Björnsson lagði fram fyrir hönd bæjarfulltrúa D-lista segir: „Boðað er til enn meiri skuldsetningar Sveitarfélagsins Árborgar og rétt nýlega búið að taka risastórt lán. Hvert stefnum við? Er ekki tímabært að staldra við og fara yfir stöðuna og meta mikilvægi, nauðsyn og lagaskyldu þeirra verkefna sem framundan eru áður en útgjaldaleikinn, sem svo



var nefndur af meirihlutaflokkinum um síðustu kosningar, verður að straumþungri á? Bæjarfulltrúar D listans hafa verulegar áhyggjur af því hvert stefni í skuldamállum sveitarfélagsins. Við óskum svara við því hver nákvæm skuldastaða Sveitarfélagsins Árborgar verður í krónum eftir þetta skuldabréfaútbod?“

Tómas Ellert Tómasson, M-lista lagði þá fram bókun

f.h. bæjarfulltrúa meirihlutans sem segir: „Það veur furðu að bæjarfulltrúar D-lista skuli bóka með þeim hætti sem gert er. Allar nauðsynlegar upplýsingar um hvers vegna farið er í skuldabréfaútgáfu koma fram í minnisblaði bæjarstjóra sem lagt er fram undir þessum lið og allt lítur út fyrir að bæjarfulltrúar D-lista hafi ekki kynnt sér. Þar kemur meðal annars fram að Sveitarfélagið hefur þegar fengið lánsloforð upp á um 3 milljarða frá Lánasjóði sveitarfélaga og að þau kjör sem talið er að muni bjóðast í fyrirhugaðri skuldabréfaútgáfu verði góð. Nú þegar liggja fyrir tilboð frá bönkum um verðtryggð lán á vaxtakjörum sem liggja á bilinu 2-3%, eftir útfærslum. Gert er ráð fyrir að vaxtakjör í skuldabréfaútgáfu verði talsvert betri eða á bilinu 1,5-2,0%. Meðalvaxtabyrði af langtímaskuldum Árborgar er í dag um 3,06%.“

-gpp



LAUS STAÐA HJÁ SELFOSSEITUM

Selfossveitur reka hita- og vatnsveitu Sveitarfélagsins Árborgar. Fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 67.

Selfossveitur óska eftir starfsmanni á sviði hita- og vatnsveitu. Starfið hefur starfsheitið *Verkstjóri vatns- og hitaveitu* og heyrir undir veitustjóra vatns- og hitaveitu.

Helstu verkefni og ábyrgð

Hita- og vatnsveita:

- Stýrir verkum vaktmanna, starfsmanna mæladeildar og öðrum almennum starfsmönnum vatns- og hitaveitu
- Starfssvið er m.a. við orkuöflun, rekstur dælu- og stjórnstöðva, dreifikerfi og þjónustu við notendur
- Hefur yfirumsjón með þjónustu við neytendur

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun sem nýttist í starfi
- Reynsla eða menntun í stjórnun er æskileg
- Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hafi góða íslensku- og enskukunnáttu
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð tölvukunnátta

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Þór Haraldsson í síma 480 1500 eða netfang sigurdur@arborg.is. Umsóknarfrestur er til og með 7. maí 2021. Sótt er um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is>.



Leikur að orðum

Það hafa komið upp í huga mér og ég hef rekist á margvísleg gömul og ný íslensk orð og orðatiltæki þar sem uppruni er ekki alltaf augljós og orðin mörgum ekki lengur tóm. Orð sem jafnvel eru víkjandi úr málinu og skilningur á þeim fer þverrandi meðal fólks, en sem mér finnst gaman að flétta saman í stutta frásögn og fylgir hún hér á eftir.

Ég hóf ferðina með því að spásæra sperrtur út um hvippinn og hvappinn. Veður var við upphaf göngu þokkalegt eftir að á hafði gengið með hundslappa-drífu sem gerði það nauðsynlegt að velja skófatað við hæfi þar sem ég ösloði eftir gangbraut í slabbi og bleytu. Hægur andvari strauk vangann, en ekki var nein ástæða til að kúldrast hnípinn heima þó sólin láti ekki á sér kræla. Á leið minni mætti ég nokkrum hálf voluðum, þvældum og lotnum göngumönnum lengra aðkomnum sem buðu þó kankvísir góðan dag, en engum mætti ég hengilmænulegum eða drambsum göngugörpum sem hygðust leggja upp laupana vegna smá krapamyndunar. Örlítil ísmyndun hafði myndast á gangbrautinni þar sem hitastig við jörðu var við frostmark og því þurfti að gæta að því að lenda ekki í klandri og að ekki kæmi slinkur á þá sem voru á ferð. Enginn var þó snefsinn eða banginn. Við aðstæður sem þessar þurfa okkar ágætu bæjarstarfsmenn þó að vera naskir á umhverfið og ekki fúska heldur nostra við þau mikilvægu störf sín að sanda gang- og hjólastíga og velta vöngum og spekulera í aðstæðum þannig að engum verði hált á svellinu. Þeir þurfa því að gera gangskör að því að gangstígar séu ekki ótölegir né hættulegir og peppa hvern annan upp í því sem þeir þurfa að



kljást við til að halda hreinu og greiðfæru í ranni vegfarenda. Krummi sat rogginn í slagtoyi við aðra bræður sína á ljósa-staur og krunkaði sposkur að mér í von um að ég gaukaði að honum einhverju góðgæti, en hvorugur okkar, hvorki ég né krummi skiljum hvors annars mál og er þar meinbugur á, en krummi þarf þó að fá og fékk sinn bita og kinkaði þakklátur kolli. Örfáir grobbnir og drambsamir ódámur sem víðra hunda sína þrátt fyrir smá næðing þar sem gjólan gælir við gróðurinn láta þó ógert að hirða upp eftir dýr sín slummur og klessur sem geta valdið óðau án þess þó að biðjast forláts, en aðrir sómakærir gæludýraeigendur sumir rosknir þurfa þó að varast að lenda í slagtoyi við eða gerast taglhnytingar og ginningarfífl þeirra fáu þrjóta sem þannig haga sér og geta valdið viðkvæmum vegfarendum anda-teppu. Kastast gæti í kekki og til stympinga komið milli aðila við slíkar aðstæður ef mönnum hitnar í hamsi. Því ber að varast að segja múkk við þá sárafáu sem þannig haga sér hofmóðugir og ota sínum tota og mata krókinn án tillits til með systkina

sinna og eins eru aðrir sem safna gjarnan rusli á lóðum við hús sín öðrum til óyndis og óþæginda svo ekki ríður við einteyming og sjaldan er þar ein báran stök hvað þetta varðar og stingur það virulega í stúf við annars velhirta húsgarða bæjarins. Erfitt er að bera í bætiflaka fyrir þessa drýldnu drjóla og torsótt að fá þar bót á nema að klækjum og þófi sé beitt með skeleggum og kænum hætti. E.t.v. má þá reyna að möndla málin með því að eigna fyrir viðkomandi með því að bjóða honum til þjós og sé ekki viðkomandi ginkeyptur eða of sljór til að þiggja slíkt kostaboð og kneypa eina könnu öls án þess að milli manna skapist ónot og á hann renni berserksgangur, en slíkt væri þó nýlunda sem ástæða væri til að fara dult með til þess að lenda ekki í klandri eða gerast raunamæddur. E.t.v. þarf þá einhver að gera sig gildandi og láta hvína í tálknum þó það gæti verið torsótt lausn og úr því yrði klén útkoma þegar öllu er á botninn hvolft.

Ómar V. Franklínsson,
Selfossi.

Þjónusta við aldraða góð í Árborg

Það er sama hvar ég ber niður á Selfossi þá fæ ég góða þjónustu. Af því kvartad er svo víða í þjóðfélaginu þá langar mig að segja að t.d. í Árbliki, dagvist aldraðra í Grænumörk, er veitt þjónusta fyrir eldri borgara sem ég tel að sé til fyrirmyndar, starfstúlkurnar allar með tölu ljúfar og þægilegar í

viðmóti, gæta vel að „aðgát skal höfð í nærveru sálar“. Stundum segi ég að þær sé með augun í bak og fyrir. Þær eru svo opnar fyrir hver þörfin er fyrir hvern og einn, hvort sem það er til munns eða handa fyrir vistfólkið. Hugmyndaríkar hver og ein á sinni hátt, gleði og gaman allan daginn.

Ég get ekki ímyndað mér að annarstaðar sé betra að búa en á Selfossi. Öll þjónusta í boði fyrir eldri borgara fyrir vægt gjald. Verum þakklát og munum að þakka fyrir það sem við höfum.

Didða í Grænumörk,
lífeyrisþegi



Matgæðingur vikunnar er Svava Björk Helgadóttir. Takk fyrir falleg orð í minn garð Palli minn. Ég tek áskoruninni og ætla að bjóða upp á góðan pastarétt með hakki og í eftirrétt verður marengsrúlla með kókosbollum og ástaraldinum. Þegar maður bakar marengs til að rúlla upp þarf að bita á jaxlinn og láta vaða, þetta fer aldrei verr en illa!

Pastarétturinn

- 1 laukur
- 1 kg nautahakk
- 1 tsk. hvítlauksm auk (eða orginal hvítlaukur eftir smekk)
- 1 tsk. oreganó
- 2 tsk. ítalskt krydd
- 2 tsk. salt
- 1 tsk. cayenne pipar
- 1,5 bolli tómatsósa
- 500 gr. pasta að eigin vali, fusilini er kannski nokkuð hefðbundið
- 1 bolli rjómi
- 1 bolli rifinn cheddar-ostur
- 1 bolli nautasoð (nautakraftur og sjóðandi vatn)

Aðferð:

Pasta soðið á meðan hakkið er matreitt. Laukurinn er saxaður og steiktur aðeins mjúkur á pönnu. Hakkinu bætt við á pönnuna og steikt í gegn. Umframfitu hellt af pönnunni og hvítlauk ásamt öðru kryddi er hrært saman við. Tómatsósu og nautasoði blandað saman við og látið malla í smástund. Í lokin er pastanu, rjómanum og ostinum bætt út í hakkið og hrært í þar til osturinn er alveg bræddur.

Meðlæti

Gott brauð og salat. Þetta er ágætis tækifæri til að taka til í brauðskúffunni og rista það brauð sem er að komast á tíma, smyrja örlítið yfir sneiðarnar á meðan þær eru heitar, krydda með grænmetisalti og skera í þríhyrninga. Líka gott að taka til í grænmetisakúffu kælskápsins og



blanda saman því sem enn er í lagi. Munið að allt verður betra í fallegum umbúðum svo endilega notið spariskálarinnar við hvert tækifæri.

Marengsrúllan

- 4 eggjahvítur
- 3 dl sykur
- Hjartarsalt á hnífsoði
- 1,5 bolli Rice crispies

Aðferð:

Þeytið eggjavítum, sykri og hjartarsalti vel saman. Bætið Rice crispies varlega saman við. Setjið á bökunarplötu sem klædd er með bökunarpappír og dreifið vel úr marengsinum. Baka við 135°C á undir og yfirhita (ekki blæstri). Kælið.

Á milli

- 0,5 ltr. rjómi
- 2 ástaraldin
- 3 kókosbollur

Aðferð:

Þeytið rjómann og smyrjið honum á marengsbotninn. Skafið innihaldið úr ástaraldinum og dreifið því ofan á rjómann. Skerið kókosbollurnar til helminga eftir endilöngu og radið þeim meðfram annarri langhlíðinni. Rúllið marengsinum upp frá þeirri langhlíð sem kókosbollurnar eru og skreytið að vild. Frábært að skella í frysti og bera fram hálf frosið.

Ég skora á Sigurð Orra Baldursson á Hvolsvelli sem næsta matgæðing. Ég komst í dásamlegar brauðertur hjá honum fyrir skömmu og held að hann geti gefið okkur góðar hugmyndir í matreiðslunni.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku*

*samkvæmt Gallup-könnun okt. - nóv. 2018

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánuðögum. Upplag: 8700 eintök.

Dreifing: Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheidar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég held mig innan húsa og stend í hillum mörgum. Á haustin niður af fjöllum fer ég. Firn af gömlu dóti er ég.

Svar við gátu í blaði 2593: KORN.

1. lína: Krakka**korn** - 2. lína: Sand**korn**
3. lína: Fræk**korn**



blómaval HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

Sumartilboð

Gildir miðvikudag og fimmtudag



20%

OUTBACK

Gasgrill Tango 4B

Ryðfrítt með stórum grillflöt: 70x42 cm, fjórir ryðfrír brennarar. 3000229

51.990 kr
~~64.990 kr~~

Sumarvöndur Blómavals
fylgir öllum grillum

sumardaginn fyrsta
Meðan birgðir endast



20%

NEXGRILL

Gasgrill Evolution

Grillflötur: 63x43,8 cm, með 4 ryðfrúm brennurum. Auka grillplötum. 3000150

63.990 kr
~~79.990 kr~~

Rafmagnshlaupahjól

20%

enox.
enjoy life

ÞÝSKT GÆÐAMERKI



Rafmagnshlaupahjól ES200

3 hraðastillingar, hámarksþyngd notanda 100 kg, LCD skjár fyrir hraða. 3903102

31.900 kr
~~39.900 kr~~

Nú er réttitíminn til að klippa



IKRA mógatec

Rafmagnshekkklippur

550W, 45 cm blað, klippigeta 16 mm. 5083754

7.995 kr



Flott í útipottana

Sýpris

1.990 kr



Fyrir 2-4 ára **ORIENT**

Reiðhjól 12" Orient Rookie

Hjálpardekk, 6,5 kg. 3901266-68

27.900 kr

Afgreiðslutími

á sumardaginn fyrsta

Selfoss

Kl. 11-15

Timbursala lokað

Hvolsvöllur

Lokað



Fyrir 6-9 ára **ORIENT**

Reiðhjól 20" Orient Snake

6 gíra, 12,6 kg. 3901269-71

35.900 kr



ATVINNA

FULLTRÚI/SKÓLARITARI

Menntaskólinn að Laugarvatni auglýsir starf fulltrúa/skólaritara laust til umsóknar. Um fullt starf er að ræða.

Starf fulltrúa/skólaritara er afar fjölbætt og fjölbreytt. M.a. er um að ræða símsvörun, skráningar í tengslum við starfsmanna- og nemendamál, undirbúning funda, skjalaflokkun hverskonar og varðveislu skjala svo og skráningu skjala í málakerfi skólans. Einnig umsjón með kaffistofu starfsmanna að hluta til.

Fulltrúi/skólaritari er tengiliður skólans við Menntasjóð námsmanna og fleiri stofnanir hvað varðar málefni nemenda.

Um breytt starf er að ræða, frá því sem áður var, sem verður þróað enn frekar með þeim sem ráðinn verður.

Starfið krefst mikillar færni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfni, frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum, áreiðanleika, góðrar færni í íslensku, nokkurrar færni í ensku og góðrar tölvukunnáttu. Þekking og reynsla í tölvukerfum framhaldsskóla æskileg. Horft verður og til menntunar og starfsreynslu við ráðningu.

Næsti yfirmaður er skólameistari.

Ráðning er frá og með 1. ágúst 2021. Upplýsingar um vinnutíma og vinnufyrirkomulag veitir skólameistari.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR og stofnanasamningi skólans.

Ekki þarf að sækja um á sérstökum eyðublöðum. Umsókn með afritum af próf- og námskeiðsskráteinum, með upplýsingum um starfsferil og umsagnaraðila skal senda rafrænt til skólameistara Menntaskólans að Laugarvatni, á hph@ml.is.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2021. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsækjendur þurfa að hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

Frekari upplýsingar veitir Halldór Páll Halldórsson skólameistari á netfangið hph@ml.is eða í síma 480 8800.

Vefsíða skólans er www.ml.is.

Tíglar

Við tókum fyrir skömmu í sölu nýtt garn sem heitir Canada og er frá LAMMY. Það er bæði til einlitt og einnig í nokkrum skemmtilegum tweed-litum sem eru blanda af 35% ull, 61% akrýl og 4% viskos. Létt, mjúkt og ódýrt.

Vesti eru frábærar flukur sem halda hæfilegum hita á kroppnum við ólíkar aðstæður. Hér er uppskrift að einu slíku í barnastærðum með einföldu úþrjóni að framan en sléttu þrjóni að aftan.

Meðfylgjandi er tafla sem sýnir helstu tölulegar leiðbeiningar í stærðum 2ja til 10 ára.

Áhöld: þrjónar no 4 og 4,5, nál og þrjú þrjónamerki.

Þrjónafesta: 18 l = 10 sm.

Þegar þrjónað er fram og til baka er fyrsta lykkjan alltaf tekin óþrjónuð eins og eigi að þrjóna hana sl. Við það myndast hnúður í hliðinni.

Fíttíð upp á þrjón no 4, tengið saman í hring og þrjónið stroff, 3 sl, 1 br til skiptis.

Skiptið yfir á þrjón no 4,5 og þrjónið eina umf sl og aukið út um eina l í hvorri hlið = # 1.



óþrjónaða, þrjónið næstu og steypið þeirri óþrjónuðu framyfir, endurtakið. (Þá hefur fækkað um 2 lykkjur) * Endurtakið *-* í hinna hliðinni. Eftir þetta er fækkað um eina l í hvorri hlið þar til búið er að fækka lykkjum eins og sagt er í töflunni = # 4.

Þrjónið áfram þar til fullri lengd er náð og geymið lykkjurnar.

Þrjónið nú framhluta

áfram eftir munstur-

þrjóni og gerið eins

úrtöku og gerð var

á bakhluta. Þrjónið

svo áfram þar til

komið er að hálsmáli.

Geymið lykkjur á

miðjunni og þrjónið

upp boðungana.

Gerid úrtöku í byrjun

umferða við hálsmál

þannig: * Takið 1 l

óþrjónaða, þrjónið

næstu og steypið þeirri

óþrjónuðu framyfir

endurtakið. (Þá hefur

fækkað um 2 lykkjur)

*. Endurtakið *-*.

Eftir þetta er fækkað

um eina l í byrjun

umferða við hálsmálið

þar til búið er að fækka

lykkjum eins og sagt er

í töflunni = # 5.

Þrjónið áfram þar til

framhluti er orðinn

jafn langur og bakhluti.

Lykkið saman

lykkjurnar af boðungunum

við ystu

lykkjurnar af bakhlutanum.

Takið upp lykkjur í hliðunum í hálsmáli

með þrj no 4. Lykkjuþjöldinn þarf að vera

deilanlegur með fjórum. Aukið út um 1-3 l

ef þarf neðst í hliðunum að framan. Þrjónið

brugðning 3 sl, 1 br skv. töflu. Fellið laust af.

Gerid eins í handvegum.

Gangið frá endum. Þvoið í volgu sápuvatni

og leggið til þerris.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir

Stærðir eftir aldri		2	3	4	6	8	10
Garn í grömmum		150	150	200	250	300	350
Yfirvidd		60	62	66	71	75	80
Fitja upp		108	112	120	128	136	144
Stroff umferðir		9	9	10	11	12	12
Bæta við eftir stroff	# 1	2	2	2	2	2	2
Lykkjur í bol		110	114	122	130	138	146
Lykkjur í hvorum bolhluta		55	57	61	65	69	73
Miðja að framan	# 2	28	29	31	33	35	37
Byrjið munsturþrjón	# 3	1	5	3	1	5	3
Sídd að handvegi		23	24	25	27	29	31
Geyma í handvegi		6	6	6	6	8	8
Berustykki							
Fella af í handvegi hv megin	# 4	4	4	5	5	5	6
Lykkjur eftir		41	43	45	49	51	53
Bak frá handvegi cm		15	15	16	17	18	19
Framstykki að hálsmáli		10	10	10	11	12	13
Geyma á miðju hálsmál		11	11	11	13	13	13
Úrtaka við hálsmál	# 5	5	5	6	6	6	6
Eftir á öxlum		10	11	11	12	13	14
Endanleg lengd frá handvegi		15	15	16	17	18	19
Stroff umferðir		6	6	7	7	8	8

Setjið þrjónamerki í báðar hliðar og utan um miðlykkjuna að framan = # 2.

Fyrsta og síðasta lykkjan á framhluta er þrjónuð brugðin en munsturþrjón þar á milli. Lykkjur á bakhluta eru þrjónaðar sléttar. Athugið að byrja á réttum stað í munstrinu til að fá miðjutígulinn á réttum stað = # 3.

Þrjónið að handvegi og setjið lykkjur á nælu fyrir handveg hvorum megin.

Nú eru fram- og bakhluti þrjónaðir fram og til baka, fyrst bakstykkið, sl á réttunni og brugðið á röngunni. Byrjað er á að gera úrtöku í hliðum þannig: * Takið 1 l

lykkjurnar af boðungunum við ystu lykkjurnar af bakhlutanum.

Takið upp lykkjur í hliðunum í hálsmáli með þrj no 4. Lykkjuþjöldinn þarf að vera deilanlegur með fjórum. Aukið út um 1-3 l ef þarf neðst í hliðunum að framan. Þrjónið brugðning 3 sl, 1 br skv. töflu. Fellið laust af. Gerid eins í handvegum.

Gangið frá endum. Þvoið í volgu sápuvatni og leggið til þerris.



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



BYKOFáðu tilboð á byko.is**Reiknaðu út
áætlaðan
kostnað**í girðinguna og
pallinn á BYKO.is**Vinsælasta pallefnið**

Alhefluð og gagnvarin fura

3D
myndir af
garðinum

Byrjaðu að plana sumarið

PANTAÐU RÁÐGJÖF VIÐ**GARÐA-
HÖNNUN**Í sumar mun Björn Jóhannsson,
landslagsarkitekt, veita viðskiptavinum
ráðgjöf vegna framkvæmda í garðinum.Skráning á netfangið gardurinn@byko.is**Nánari upplýsingar á byko.is****BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

Þjónandi forysta

Eva Björk Harðardóttir, oddviti Skaftár-hrepps

frambjóðandi í 2. - 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Suðurlandi



bönd við okkar lífsförunauta út frá því hvernig við getum bætt hvert annað upp og virðumst oft dragast að andstæðum okkar. Tökum eftir hvernig hjón eru oft og tíðum ótrúlega ólík en samt samhent og farsæl í lífinu.

Leiðtoga þessa lands þyrfti að mínu mati að velja sem þverskurð af því samfélagi sem þeim er ætlað að leiða eða þjóna hverju sinni. Þannig ættum við að ná sem bestum árangri þegar kemur að því að velja upp öllum hliðum þeirra mála sem við erum að glíma við hverju sinni. Afdrifaríkar ákvarðanatökur sem snerta líf og afkomu fólks í landinu má ekki gjaldfella með því að velja í leiðtogahlutverkin einhæfar stereotýpur með sömu menntun, búsetu og uppruna.

Ég hef alla tíð aðhyllt þá aðferðafræði, að leiðtogi þurfi að vera þjónni þeirra sem hann leiðir. Löngu áður en ég hafði heyrt um eða lesið mér til um þjónandi leiðtoga. Fyrst sem kennari, þar sem nemendur mínir og foreldrar voru þeir aðilar sem ég var að þjóna og síðar sem hóteltstjóri.

Þar uppgötvaði ég fljótlega að þar sem ég gat ekki sjálf verið í öllum hlutverkum til lengdar þá yrði ég að þjóna mínu starfsfólki á þann hátt að þau hefðu þau tæki og tól sem þau þöfnuðust til að þjóna gestum hótelsins þannig að þeir færu ánægðir frá okkur. Einnig er það ótvírætt þannig að ánægður starfsmaður er mun hæfari til að veita betri þjónustu en ósáttur starfsmaður.

Sömu hugmyndafræði hef ég notað í sveitarstjórnarmálunum. Þeir sem veljast til forystu þurfa að mínu mati að vera tilbúnir að vera þjónar þess samfélags sem velur þá í það hlutverk ef vel á að vera. Það þýðir ekki það að slíkir leiðtogar verði þá eins og viljaláus verkfæri. Ákveðin framtíðarsýn og sterk gildi eru nauðsynlegt vegna þess því ef þú ætlar að taka spor inn í framtíðina og ná fólkinu með þér, þá er eins gott að snúast ekki eins og skopparakringla eftir skoðunum síðasta ræðumanns. Á tímum þarf að taka erfiðar ákvarðanir en þá er eins gott að þær séu réttar fyrir heildina og skref í rétta átt þótt það komi ekki í ljós fyrir en seinna.

Alþingismaður þarf að vera

tilbúinn til að slá vörð um fólkið og fyrirtækin í landinu og veita þeim þá þjónustu sem þau þurfa á að halda til að geta vaxið og lifað góðu lífi í þessu landi.

Ég tel mjög nauðsynlegt að koma hreint fram með skoðanir á umdeildum málaflökum. Oft finnst mér eins og fólk veigri sér við að taka umræðuna ef skoðanir eru skiptar. Ég hef sjálf fallið í þá gryfju. En kjósendur eiga rétt á því að vita nákvæmlega fyrir hvað viðkomandi frambjóðendur standa, skoðanir þeirra og gildi. Ef við frambjóðendur, þjóðum uppá orðræðu sem við höldum að kjósendur vilji heyra í stað þess að koma hreint fram og bera það á borð sem kjósendur þurfa að heyra, þá erum við að svíkja þá.

Kynin eru almennt ólík að eðlisfari. Mismunandi hormón hafa áhrif á hvaða hlutar heilans í hverju kyni fyrir sig eru virkari en önnur. Við hugsum oft og leysum mál með mismunandi hætti eftir kynjum því styrkleikar okkar eru mismunandi. Við myndum alla jafna sam-

Menntun í heimabyggð

Ingveldur Anna Sigurðardóttir

frambjóðandi í 4. - 5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Suðurlandi



þær kennslustundir sem ég hef sótt í húsakynnum háskólans þessa önnina á fingrum annarrar handar en það sama gildir ekki um fjartíma á netinu.

Fjarkennsla

Það hefur sýnt sig og sannað að fjarkennsla er raunverulegur og gerlegur valkostur. Menntastofnanir sem reknar eru af ríkinu eiga að gera ungu fólki kleift að sækja sér menntun í heimabyggð. Mikilvægt er að bjóða einstaklingum upp á þann valkost að búa í sinni heimabyggð á meðan menntun stendur. Það myndi gera fleirum kleift að sækja sér menntun og opna nýjar dyr sem gætu leitt til aukinnar verðmætasköpunar á svæðinu. Menntun á að vera valkostur fyrir alla, óháð búsetu.

Fræðslunet Suðurlands

Á Suðurlandi er starfrækt Fræðslunet. Fræðslunetið stendur fyrir skipulagningu á námskeiðum sem bæði eru tengd atvinnulífnum og tómstundum. Í Fræðslunetinu felast gríðarleg tækifæri að efla fjarkennsluna enn frekar með auknu úrvali námskeiða og starfrækja útí búa frá háskólum. Þar geta einstaklingar setið tíma, tekið próf, unnið verkefni o.s.frv. Það á ekki að skylda einstakling til þess að rífa sig upp með rötum og flytja í annað bæjarfélag til þess að sækja sér menntun. Háskólinn á Akureyri og Bifröst hafa lagt mikið upp úr að leyfa nemendum að velja hvort þeir sækja staðnám eða fjarkennslu og hefur sú tilhögun lukkast vel. Framboð á

námssgreinum er þó langmest í Háskóla Íslands og þeir sem ætla sér að iðka þær greinar sem aðeins eru kenndar þar í staðnámi eiga líklega engna annarra kosta vöð en að flytja til Reykjavíkur. Það ætti að vera sjálfsagt að veita einstaklingum það frelsi til þess að stunda sitt nám að heiman.

Tækifæri í sameinuðu sveitarfélagi

Samhliða alþingiskosningum í haust kjósa íbúar fimm sveitarfélaga á Suðurlandi; Ásahrepps, Rangárbæjarhrepps, Rangárbæjarhrepps eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps um sameiningu. Ef af sameiningunni verður felast tækifæri í að efla menntun bæði á framhalds- og háskólastigi á þessu svæði. Á Suðurlandi eru

sex framhaldsskólar þó enginn á löngum kafla þ.e. frá Selfossi til Hafnar að undanskildum framhaldsskólunum í Vestmannaeyjum.

Unglingar og fjölskyldur þeirra eru misjafnlega búnar til að standa undir fjárhagslegum og félagslegum áskorunum sem felast í flutningum að heiman. Því liggja tækifæri í því að setja á laggimar framhaldsskóla í kjördæminu sem myndi gera einstaklingum kleift að sækja sér menntun til iðnprófs eða stúdentsprófs í heimabyggð.

Einstaklingum á landsbyggðinni á að standa til boða að sækja sér menntun í heimabyggð.

Ungt fólk flykkist frá heimahögum til þess að sækja sér framhaldsmenntun, hvort sem það er í framhaldsskóla eða háskóla. Sjálf fluttist ég að heiman sextán ára gömul til þess að sækja framhaldsskóla og seinna meir háskóla. Það nám sem varð fyrir valinu bauð ekki upp á fjarkennslu og því varð ég að flytja til Reykjavíkur.

Ef að Covid hefur kennt okkur eitthvað, þá er það að fjarkennsla er valkostur. Ég get talið

Suðurland og sóknarfærin

Oddný G. Harðardóttir

þingmaður Samfylkingarinnar í Suðurlandshreppi



til heilbrigðisþjónustu og lög-gæslu sem þurfa að geta borið aukið álag.

Sköpunargleði

Leita þarf líka nýrra lausna. Á Suðurlandi eru mörg dæmi um stór og smá nýsköpunarverkefni sem hafa skapað verðmæti og störf. Bæði í ferðaþjónustu og matvælaíðnaði en einnig á öðrum sviðum.

Margir búa yfir góðum hugmyndum en þurfa hvatningu og stuðning til að komast af stað, þróa hugmyndir og móta og koma í framkvæmanlegt ferli. Löggjafinn á að skapa almennar forsendur til að nýsköpun fái að dafna, bæði lagaumgjörð og fjármagn. En það þarf líka að taka tillit til aðstæðna þar sem fjarlægðir eru talsverðar og

kostnaðarsamt að afla aðfanga og koma afurðum á markað.

Fjársfestingar í grænni nýsköpun hafa aldrei verið jafn mikilvægar og nú á tímum og eru okkur raunar lífsnauðsynlegar þegar við stöndum frammi fyrir loftslagsvá af mannavöldum og hlýnun jarðar.

Það þarf að ýta undir fjölbreytta samsetningu atvinnulífs og verðmætasköpunar svo standa megi undir góðum kaupmætti, háu atvinnustigi og sterku velferðarkerfi. Framsýni og sköpunargleði munu ryðja þar brautina.

Áhuga og færni skortir ekki og þekking býr meðal fólksins á Suðurlandi.

Garðyrkjuskólinn

Matarvenjur okkar eru að breyt-

ast með aukinni grænmetisneyslu og færa má fyrir því rök að þær verði að breytast enn frekar. Aukin grænmetisframleiðsla hér á landi mun ekki bara spara gjaldeyri vegna minni innflutnings heldur einnig minnka kolefnisfótsporid. Hveru tveggja er eftirsóknarvert og nauðsynlegt að gera.

Styrkleikar okkar til aukinnar grænmetisframleiðslu eru miklir í formi endurnýjanlegar raforku og jarðvarma. Við verðum að láta tækniþekkingu vinna með okkur til að auka og auðvelda grænmetisframleiðslu hér á landi.

Vöxtur grænmetisræktunar og græn nýsköpun kalla á öflugum menntastofnum til stuðnings við atvinnugreininna. Þess vegna er Garðyrkjuskólinn að Reykjum í Ölfusi svo mikilvægur. Það er

grundvallaratriði í framþróun innan greinarinnar að skólinn eflist og styrkist. Gera verður skólanum kleift að styðja með markvissum hætti við garðyrkju og grænmetisframleiðslu og nýsköpun í matvælaíðnaði.

Í október í fyrra kynnti Samfylkingin stefnumörkun sem við köllum Ábyrga leiðin úr atvinnukreppu til grænnar framtíðar. Þar eru fjölmargar tillögur um vinnu, velferð og uppbyggingu um allt land. Ein tillagan snýr að Garðyrkjuskólanum að Reykjum og öflugum starfsnámi þar á framhaldsskólastigi ásamt endur- og símenntun í garðyrkju, grænmetisframleiðslu og umhverfismálum. Sú tillaga mun ná fram að ganga komist Samfylkingin í ríkisstjórn eftir kosningarnar í september.

Gerum betur

Björgvin
Jóhannesson

frambjóðandi í
3. sæti í prófkjöri
Sjálfstæðisflokksins
á Suðurlandi



er sem sagt að bjóða mig fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandshöndum til alþingis kosninga í haust.

Hversvegna skyldi það vera, spyr kannski einhver? Þegar ég horfi yfir stjórnmalasviðið og helstu málefni á undanföllum árum finnst mér ég sjá æ oftast mikilvægi þess að sterkur Sjálfstæðisflokkur hafi lykilstöðu við stjórnvölinn, bæði á sveitarstjórnarstigi og í landsmálunum.

Hvað landsmálin snertir höfum við á síðustu misserum séð ríkisstjórnarmunstur sem þótti nokkuð einkennilegt í upphafi en hefur engu að síður gengið merkilega vel undir kringumstæðum sem vissulega eru öðruvísi.

Samt sem áður er margt þar sem ég get ekki fallist á sem ásætlanlega pólitík né að við stjórnvölinn séu einstaklingar sem eru í einu orði sagt stjórnvaldsinnar með einhverskonar

andstyggð á einkaframtakinu. Á sveitarstjórnarstiginu sjáum við svo óreiðu í rekstri í nokkrum af helstu sveitarfélögum landsins sem ég tel helgast af rangri stefnumörkun.

Ég tel það mikilvægt bæði nú og fyrir næstu kynslóðir að góð og gild frjálssynd hægri stefna sé markandi í viðsnúningi efnahagslífsins hér á næstu árum, í stað aukinnar ríkisvæðingar og útgjaldaaustri. Hvað sem öllu líður þá verður ekki komið við sterkri almannahjónustu án þess að opinberir aðilar sýni ráðdeild og skynsemi í rekstri. Það er betra að hafa hússjóðinn sterkan þegar skipta þarf um þak eða mála blokkina.

Ég finn hljómgrunn fyrir slíkum sjónarmiðum á ferð minni um kjördæmið þessar vikurnar. Prófkjörið framundan er upplagt tækifæri til að hreyfa við hlutunum - gera betur. Vertu með á þeirri vegferð.

Stjórnmalasviðinu undanfarna ára hefur því miður fylgt full mikið af rangfærslum og staðreyndavillum. Tækifærin til að vega upp orðræðuna eru mörg og ég vil gjarnan sjá meiri jákvæðni samhliða ákefðinni á þessum vettvangi mannlífsins.

Mörg okkar sem erum pólitísk höfum fylgst með utan frá, maður hefur sínar skoðanir á þessu öllu og muldrar kannski eitthvað sitjandi við eldhúsbordid eða á spjalli í góðum vinahópi. En nú er kominn tími til að taka þetta á næsta stig og þess vegna er ég í framboði. Ég

Sara og Sjöfn Lovísa unnu söngkeppni Tvistsins

Söngkeppni Félagsmiðstöðvarinnar Tvistsins á Hvolsvelli var haldin fimmtudaginn 15. apríl í Hvolsskóla. Keppnin var með öðru sniði í ár vegna fjöldatakmáarkana en unga kynslóðin í sveitarfélaginu bretti upp emmar og hélt stórglæsilega keppni.

Sara Sigríksdóttir var sigurvegari, ásamt Sjöfn Lovísa Bahner Jónsdóttur á píanó en þær fluttu lagið „Feeling good“ eftir Michael Bublé. Í öðru sæti var Marco António Abranja Moita en hann söng lagið „Storm“ eftir Victor Crone.

Vinningslagið fer áfram á USSS – Undankeppni söngkeppnar Samfés á Suðurlandi en sigurvegarar USSS taka þátt í söngkeppninni Samfestingur



á vegum Samfés – Samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi.

Söngkeppni Samfés fer fram þann 9. maí á UngRÚV í ríkisútvarpinu.

Við óskum flytjendum og unglungunum ásamt starfsfólki Tvistsins til hamingju með keppnina.

Útgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland að Fjallabaki

Friðland að Fjallabaki var friðlýst árið 1979 vegna einstakrar náttúru og jarðminja. Markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland að Fjallabaki er að fjalla um markmið verndunar svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess. Leiðarljós áætlunarinnar er að varðveita einstök náttúruverðmæti friðlandsins, víðerni og góða upplifun gesta í samráði við hagsmunaaðila svo allir hafi kost á að njóta verðmæta friðlandsins um ókomna framtíð.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland að Fjallabaki hefur verið umfangsmikið verkefni sem unnið hefur verið í samstarfi við sveitarfélag og hagsmunaaðila. Mikil áhersla var lögð á samráð við vinnuna og má þá nefna að



haldnir voru opnir kynningarfundir og sérstakir fundir með hagsmunaaðilum auk þess sem birt var rafræn kynning þegar tillaga að áætluninni var auglýst þar sem aðstæður í samfélaginu buðu ekki upp á að haldinn væri opinn kynningarfundur. Drög að áætluninni voru lögð fram til kynningar í 6 vikur í apríl 2020. Úrvinnsla athugasemda og önnur vinna í tengslum við

áætlunina er nú lokið og hefur áætlunin verið samþykkt af ráðherra. Með áætluninni fylgir aðgerðaáætlun til þriggja ára þar sem gerð er grein fyrir þeim aðgerðum sem brýnt er að fara í og er hún uppfærð árlega.

Í tengslum við útgáfu áætlunarinnar hafa verið gefin út þrjú kynningarmyndbönd sem fara yfir samráðsferlið, áætlunina í heild sinni og aðgerðaáætlunina.

Klóakdætur á Hellu stíflaðar vegna blautklúta

Blautklútar gera starfsmönnum þjónustumiðstöðvarinnar á Hellu lífið leitt þessa dagana, sem áður. Þrátt fyrir að mikið sé lagt upp úr því að slíku sé ekki hent í salernin. „Enn og aftur hefur magn blautklúta og grisja, sem hent er í salerni á Hellu, aukist margfalt. Þar af leiðandi hafa dæurnar verið að stíflast sem felur í sér mikla vinnu og getur kostnaðurinn hlaupið á hundruðum þúsunda í hvert

skipti. Blautklútar eiga alltaf heima í ruslinu, hvort sem þeir eru notaðir á andlit og líkama eða til þrifa og sótthreinsunar. Tökum höndum saman og hættem að setja hluti í klósettin sem eiga heima í ruslafötunum.“ Grúpplagt er fyrir íbúa á Hellu að vanda sig við flokkunina og auðvelda starfsmönnum þjónustumiðstöðvar lífið, því tæpast er það spennandi að standa í þessum þrífum að óþörfu.



LAUSAR STÖÐUR

Bláskógaskóli Laugarvatni auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsókna fyrir skólaárið 2021-2022:

- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Leikskólakennari á leikskóladeild
- Hlutastarf í smíðakennslu
- Hlutastarf í tónmennt
- Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi og í frístund
- Starfsmaður í eldhúsi leikskóla og afleysingar á leikskóla.

Í skólanum störfum við með það að markmiði að skapa nemendum, og skólasamfélaginu í heild, góð skilyrði til náms. Við leitum leiða til að mæta ólíkum þörfum nemenda og vinnum saman sem heild. Við erum teymiskennsluskóli á leik- og grunnskólastigi og við myndum saman teymi eftir stigum hverju sinni. Við höfum markað okkur stefnu í útinámi sem við teljum að sé góð leið til að mæta fjölbreyttum kennsluháttum.

Við leitum að einstaklingum sem eru lausnamiðaðir í starfi, með afburða góða samskiptahæfni og eru til í að halda áfram að þróa með okkur áhugavert og skemmtilegt skólastarf.

Hæfnikröfur eru kennsluréttindi, góð meðmæli og reynsla úr fyrri störfum er einnig mikilvæg.

Ráðið verður í störf frá 1. ágúst.

Umsóknarfrestur er til 5. maí 2021.

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn í gegnum tölvupóst elfa@blaskogaskoli.is þar sem ferilskrá fylgir og upplýsingar um meðmælendur.

Upplýsingar um störf veitir Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma 480 3030.



Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Egill í jafnri glímu



Egill var hársbreidd frá því að komast í þriðju umferð. Ljósmynd af fésbókarsíðu Egils Blöndal.

JÚDÓ Evrópumeistarmótið í júdó fór fram um helgina í Lissabon í Portúgal. Tveir Íslendingar kepptu á mótinu, Árni Lund í -81 kg flokki og Selfyssingurinn Egill Blöndal í -90 kg flokki.

Egill mætti Milan Randl í annarri umferð eftir að hafa setið hjá í fyrstu umferð. Glíman var mjög jöfn en Egill var iðnari við að sækja en Randl. Eftir fullan glímutíma hafði hvorugur skoraði en Randl hafði fengið eitt refsistig fyrir sóknarleysi. Fljótlega eftir að framlenging hófst fékk Randl sitt annað refsistig. Ef Randl hefði fengið eitt refsistig til viðbótar hefði Agli verið dæmdur sigur. Hins vegar tókst Randl að skora wazaari og sigra þar með viðureignina og var Egill þar með úr leik. -Frétt af vef JSÍ



Atli Ævar framlengir

HANDBOLTI Línumaðurinn knái Atli Ævar Ingólfsson hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild Selfoss til þriggja ára. Atli Ævar, sem er 32 ára Akureyringur, gekk til liðs við Selfoss árið 2017 og hefur síðan þá verið lykilmáður í meistaraflokki. Hann varð Íslandsmeistari með Selfoss árið 2019 og hefur sýnt síðustu ár að hann er einn allra besta línumaður landsins.

Handknattleiksdeildin er gríðarlega ánægð með að Atli Ævar verði áfram í herbúðum Selfoss, enda er hann stór þáttur í að byggja liðið upp til næstu ára. -Umf. Selfoss/ESÓ

Guðrún Þóra í Selfoss

KNATTSPYRNA Guðrún Þóra Geirsdóttir skrifaði á dögnum undir tveggja ára samning við knattspyrnu-deild Selfoss en hún kemur til félagsins frá Völsungi. Félagin komust að samkomulagi um að Guðrún verði lánuð aftur í Völsung og mun hún því leika á Húsavík í sumar.



Guðrún Þóra er 17 ára gömul, fjölhæfur leikmaður sem getur leyst ýmsar stöður á vellinum og var í lykilhutverki hjá Völsungi á síðasta tímabili. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún spilað 34 meistaraflokksleiki fyrir Völsung og skorað í þeim sjö mörk. Hún hefur verið valin á úrtaksæfingar fyrir yngri landslið Íslands og næsta vetur mun hún hefja nám í Knattspyrnuakademíu Íslands við Fjölbrautaskóla Suðurlands. -Umf. Selfoss/GKS

Hamar deildarmeistari í sóttvarnahléi

BLAK Hamarsmenn náðu betri árangri en flest íþróttafélög í sóttvarnahlénu en ákvarðanir Blaksambands Íslands (BLÍ) um framhald deildakeppninnar tryggja Hamri deildameistaratítilinn fyrir keppnistímabilið 2021.

Ákveðið var að ekki verði reynt að koma leikjum sem frestað var í sóttvarnapásu fyrir á þeim leikdögum sem eftir eru tímabilsins. Forysta Hamars er slík að ekkert lið getur náð þeim að stigum miðað við þá leiki sem eru á tímabilinu og Hamarsmenn eru því handhafar bæði deildarmeistara og bikarmeistaratíls á þessu keppnistímabili.



Hamar fagnar bikarmeistaratílinum. Mynd: Hamar

1. deild karla í körfubolta

SELFOSS - ÁLFTANES

Föstudaginn 23. apríl kl. 19:15
Gjáin, Íþróttahús Vallaskóla

Verð 1.500 kr.
Miðasala í gegnum Stubb appið



Æfingar og keppni hefjast að nýju

KÖRFUBOLTI Í ljósi nýjustu tilslakana geta æfingar og keppni hafist að nýju. Stefnt er að því að 1. deild karla leiki næstkomandi föstudag, 23. apríl og að deildarkeppninni ljúki 10. maí. Skv. nýjustu tíðindum er heimild fyrir allt að 100 áhorfendum á íþróttakappleiki. Það þýðir að engar breytingar verða varðandi áhorfendur í Gjánni, frá síðasta „keppnisskeiði“ sem lauk 25. mars. Sæti eru númeruð með 1 m millibili í stúkunn

og áhorfendum er skylt að sitja í úthlutuðu sæti allan tímann sem þeir eru á staðnum, forðast hópamyndanir og gæta sóttvarna.

KKÍ er með í skoðun hvort úrslitakeppni í deildinni verði með sama sniði og ákveðið hafði verið, þ.e. að efsta liðið að lokinni deildarkeppni fari beint upp en hin 8 leiki öll í úrslitakeppni um hitt lausa sætið í úrvalsdeild, eða hvort breytingar verði gerðar.

-Selfoss Karfa

Planet Laugarvatn



Það tók ekki langan tíma að sjá það út, að hér er staðurinn til að dvelja og skapa. Fyrir útlending er það ekki alltaf auðvelt að tengjast nýjum stað. En ég var svo heppin að innan árs frá því að ég kom hingað á Laugarvatn, var stofnaður hópur sem við nefnum Planet Laugarvatn. Hugmyndaríkur hópur fólks víða að, sem nú nýlega hefur byrjað að skipuleggja litla viðburði, ferðir og reglulega fundi.

Okkar fjölbreytti hópur leggur áherslu á fjölmenningu og hefur það að markmiði að skapa tengsl á milli íbúa svæðisins, einnig þeirra sem búa hér, en koma jafnvel utanlands frá, nemenda á staðnum, þeirra er hafa hér aðsetur í sumarhúsum og að lokum ferðamanna.

Tími fyrir sjálfstætt fólk

Nú árið 2021, er hópurinn búinn að skipuleggja atburði er kalla má helgarhátíðir, hver og ein tileinkuð ákveðinni árstíð. Við höfum hlotið stuðning SASS, Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem og aðila í nær-umhverfinu; sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, Bláskógaskóla Laugarvatni, Eldaskálans, Eyvindartungu, Fontana heilsulindar, Gullkistunnar, Héraðsskólans, UMFÍ o.fl. Fyrsta hátíðin nú í vor er skipulögð helgina 23. – 24. apríl og hægt er að lesa sér til um hátíðina á vefsíðunni

okkar, www.planetlaugarvatn.is. Hátíðin er fjölskylduvæn, á föstudeginum verður fjársjóðsleit fyrir börnin og varðeldur seinna um kvöldið. Laugardagurinn er aðaldagur vinnusmiðja þar sem gestir hafa þann möguleika að fræðast um útiöldun, lagasmíðar, kortagerð, þrjónaskap, skólalist, hverabrauðsbakstur, róður kajaka, sögu staðarins og að lokum listsköpun á vegum Gullkistunnar, miðstöð sköpunar. Við erum spennt fyrir því að koma hátíðinni á legg og stuðla þannig að auknu menningarlífi hér á Laugarvatni og nærsveitum.

Framtíðarsýn

Við sem „Planet Laugarvatn“ vinnum að verkefnum er stýðja við menningu íbúanna á staðnum. Við stöndum sérstaklega að sameiginlegum viðburðum er hvetja til samgangs og samvinnu, óháð aldri eða uppruna.

Það skiptir okkur miklu að búa hér á þessu einstaka svæði umlukin náttúrufegurðinni og í dagsins önn að skapa eitthvað nýtt sem á sér gjarnan sögulega tengingu við svæðið. Öllum er velkomið að mæta og taka þátt í og njóta hér þeirra viðburða sem boðið er upp á.

Fyrir hönd Planet Laugarvatn,
Barbora Georgsdóttir
Fialová.

Plokkað og flokkað



Þann 13. apríl sl fóru nemendur í umferfisfræði í Fjölbrotarskóla Suðurlands út að plokka í nágrenni skólans. Nemendurnir hópuðu sig saman og létu hendur standa fram úr ermum. Flestir létu sér nær umhverfið duga og komu hróðug til baka með fulla poka af rusli. Afraksturinn var að sjálfsögðu flokkaður í viðeigandi

flokkunarhólf og er nú á leið til endurvinnslu. Sumir gengu lengra, fóru um stærra svæði á Selfossi og einn hópurinn fór alla leið til Hveragerðis til að fegra umhverfið þar líka. Það er ekki annað hægt en að hrósa nemendum fyrir góðan árangur við fegrun umhverfisins sem er auðvitað á allra ábyrgð í samfélaginu. -gpp

Smyril Line eykur við starfsemi sína í Þorlákshöfn



Flutningsfyrirtækið Smyril Line rekur tvö skip sem sigla til og frá Þorlákshöfn með vörur. Fyrirtækið hyggur á að byggja upp stórt vöruhús fyrir vöruflutninga til og frá landinu. Rúv greindi fyrst frá málinu.

Linda Björk Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Smyril Line á Íslandi segir ástæðu flutninganna tvíþætta. „Fyrir það fyrsta koma skipin okkar hingað. Svo er það umferðin og dreifingin héðan, við erum með mikið af viðskiptavinum á Suðurlandi. Þannig að þá getum við afhent hér eða dreift héðan og svo inn í höfuðborgina, þetta er svo stutt. Ef maður tekur miðbæinn inn í Hafnarfjörð og miðbæinn hingað inn í Þorlákshöfn,

þá eru kílómetrarnir kannski aðeins fleiri, en mínúturnar kannski ekkert miklu fleiri, út af umferð. Þannig að við erum að létta á umferðinni í höfuðborginni með því að gera þetta.“ segir Linda Björk.

Staðsetningin afar hentug

Stefnt er að því að vöruhúsið verði tilbúið eftir tvö ár en það verður um 2.500 fermetrar. Smyril Line flytur mikið af ferskum fiski til Evrópu og húsið mun meðal annars nýttast fyrir þá starfsemi. Þá segir Linda að staðsetning Þorlákshafnar sé einstaklega hentug, enda sé styttra að sigla þaðan til Evrópu en frá Reykjavík. „Það tekur átta tíma að sigla fyrir Reykjanesið og þá 16 tíma fram og til baka ef við hugsum það þannig. Þannig

að með þessu getum við verið með mjög stuttan „transit-tíma“, við erum einhvern 2,5 sólarhring að sigla til Evrópu með ferskvörum. Og svo kemur auðvitað ferskvara með okkur hingað til Íslands.“

Fjölgun starfa með auknum umsvifum

Fjölga þarf starfsfólki í Þorlákshöfn með nýja vöruhúsinu. „Við höfum fjölgað störfum hérna undanfarin fjögur ár, það eru fjögur ár síðan við byrjuðum að sigla hingað. Við höfum farið frá einum upp í tíu og á háannadögnum koma fleiri inn. Þannig að við búumst við töluverðri fjölgun með vöruhúsinu.“ segir Linda að lokum.

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



Guðný Guðmundsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
gudny@domusnova.is

Sími: 821-6610

Sverrir Sigurjónsson
Hdl.
Löggiltur Fasteignasali
sverrir@domusnova.is

Sími: 662 4422

Haukur Páll Ægisson
Aðstoðarm. fasteignasala,
í löggildingarnámi
hp@domusnova.is
Sími: 772 9970

DOMUSNOVA

Fasteignasala

AUSTURVEGI 6 SELFOSSI - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

Frumvarp um skipta búsetu barna samþykkt á Alþingi

Alþingi hefur samþykkt frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á barnalögum sem kveða á um skipta búsetu barna.

Með samþykkt frumvarpsins er lögfest ákvæði um heimild foreldra sem ekki búa saman en fara sameiginlega með forsjá barns til að semja um skipta búsetu barns við tilteknar aðstaður. Lögin bera með sér að forsenda þess að foreldrar semji um sameiginlega forsjá verði sú að foreldrar geti unnið saman á fullnægjandi hátt og haft samráð um málefni barns. Þá er í lög-



Mynd frá Stjórnarráðinu.

unum að finna það nýmæli að barn geti haft frumkvæði að því að sýslumaður boði foreldra til samtals til að ræða fyrirkomulag forsjár, lögheimilis, búsetu og umgengni. Að auki eru í lögnum ákvæði um framfærslu og meðlag með áherslu á auknið samningsfrelsi foreldra.



Einstakt tækifæri fyrir metnaðarfulla kennara!

Flóaskóli auglýsir eftir kennurum til starfa skólaárið 2021 - 2022. Skólinn er staðsettur á Villingaholti í Flóahreppi, sem er í 15 mínútna akstursfjarlægð frá Selfossi. Í skólanum eru 115 nemendur í 1. - 10. bekk og rúmlega 30 starfsmenn.

Við Flóaskóla starfar öflugur og metnaðarfullur hópur fólks sem vinnur samhent að því að skapa jákvætt og uppbyggjandi vinnuumhverfi, hlúa vel að nemendum og stuðla að því að þeir nái að vaxa og dafna í námi og starfi. Í Flóaskóla leggjum við áherslu á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og öfluga stoðþjónustu. Við vinnum samkvæmt hugmyndafræðinni „Uppeldi til ábyrgðar“ og vinnum markvisst með samskipti og líðan nemenda. Auk þess er lögð áhersla á umhverfis- og úti-kennslu og er Flóaskóli þátttakandi í Grænánavefningunni.

Við leitum að:

- Umsjónarkennurum í almenna kennslu í 1. - 6. bekk, meðal kennslugreina eru íslenska, náttúrufræði og stærðfræði
- Kennara/um í heimilisfræði og tónmennt
- Sérkennara / þroskajálfa

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Grunnskólakennari / sérkennari / þroskajálfi / uppeldis-menntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi, leyfisbréf grunnskólakennara
- Þekking á kennslu og þjálfun nemenda með sértæka námserfiðleika
- Skipulögð vinnubrögð og hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Þekking á „Uppeldi til ábyrgðar“ er æskileg
- Áhugi á þróunarstarfi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og víðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri í síma 771 8342.

Umsóknarfrestur er til og með 5. maí 2021, ráðið verður í störf frá 1. ágúst 2021. Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á netfangið: gunnlaug@floaskoli.is.

25 milljóna króna styrkur til stafræns Suðurlands

Kosið verður um sameiningu Kásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps 25. september 2021. Verkefnisheitið er Sveitarfélagið Suðurland.

Verkefnið Stafrænt Suðurland er undirverkefni þess og er markmiðið að undirbúa sveitarfélögin undir stafræna þjónustu og stjórnsýslu. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur veitt 25 mkr. framlag til að hefja verkefnið og vinna að fyrsta áfanga.

Markmið Stafræns Suðurlands er að móta einskonar stafrænt ráðhús og þjónustuver fyrir sveitarfélögin og ná þannig framhagræðingu í rekstri, auknu öryggi í vinnslu gagna og meiri sérhæfingu í störfum. Stafrænt ráðhús auðveldar stafræn samskipti við almenning og eykur möguleika á sjálfsafgreiðslu. Í stafrænu ráðhúsi verður miðlæg hýsing allra gagna sveitarfélaga, miðlægt símkerfi og þjónustuver. Á þann hátt verður ein gátt fyrir íbúa svæðisins til að sækja um þjónustu og eiga samskipti við sveitarfélagið. Allar umsóknir, málsmeðferð og svör við umsóknum verði stafræn. Gert er ráð fyrir að í framtíðinni verði starfandi skjalastjóri og persónuverndarfulltrúi fyrir allt



svæðið og mótaður verði samræmdur skjalalykill.

Umsóknir, svo sem um félagslega þjónustu og á sviði skipulags- og byggingarmála, munu fara um stafræna ráðhúsið og verði afgreiddar af sérfræðingum sveitarfélaga. Myndað verði teymi sérfræðinga í upplýsingatækni, skjalavörslu og stafrænum lausnum sem vinnur fyrir allt svæðið. Á grunni stafræns ráðhúss verður hægt að þróa önnur verkefni svo sem?

Í fyrsta áfanga verkefnisins verður verkefnið mótað og innviðir sveitarfélaganna greindir og metnir, þ.e. stafræn staða, tækni, verklag og mannaflí. Á grundvelli þeirrar greiningar verða mótaðar tillögur og útfærslur fyrir Stafrænt Suðurland.

Á næstu misserum verður auglýst eftir verkefnisstjóra til eins árs sem verði stafrænn leiðtogi sveitarfélaganna og hefji vinnu við fyrsta áfanga.

Íþróttamiðstöðin Borg

Við leitum að þjónustulunduðu fólki í sumarstarf frá 1. júní til 22. ágúst



GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

STARFSSVIÐ OG VERKEFNI

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu, afgreiðslu og eftirlit með íþróttahúsi og þreksal.
- Almenn þrif.
- Umsækjandi mun sækja námskeið í skyndihjálpar og þarf að standast hæfnispróf sundstaða.

HÆFNISKRÖFUR

- Lágmarksaldur 18 ár.
- Hafi þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Dugnaður, stundvísi og samvirkusemi.
- Þurfa að standast námskeið í skyndihjálpar og sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.
- Laun og starfskjör samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga.

Umsóknum skal skila til forstöðumanns Íþróttamiðstöðvarinnar Borg á netfangið rut@gogg.is.

Umsóknarfrestur er til 28. apríl 2021.

Nánari upplýsingar gefur Rut Guðmundsdóttir í síma 899 8841.

Deildarstjóri og leikskólakennari óskast í leikskólann Álfaborg, Reykholti



LEIKSKÓLINN
ÁLFABORG



Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir metnaðarfullum deildarstjóra sem og leikskólakennara til starfa.

Leikskólinn Álfaborg er þriggja deilda leikskóli sem starfar í anda Reggio Emilia og er staðsettur í Reykholti, Biskupstungum. Nýtt og skemmtilegt húsnæði leikskólans var tekið í notkun í október 2019. Í leikskólanum starfar metnaðarfullt starfsfólk og mikil áhersla er lögð á góðan starfsanda og vellíðan barna. Auk þess er mikil og góð samvinna á milli leikskólans og grunnskólans Bláskógaskóla í Reykholti.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun ágúst 2021. Þegar hæfasti umsækjandi hefur verið valinn verður óskað eftir undirritaðri heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá viðkomandi.

Starfsvið:

- Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.
- Ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati á starfi deildarinnar
- Vinnur að uppeldi og menntun barna
- Foreldrasamstarf

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð íslenskukunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í starfi
- Ánægja af því að starfa með börnum
- Reynsla er æskileg

Með umsókn um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Starfið hentar öllum kynjum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Erla Jóhannsdóttir, leikskólastjóri í síma 480 3051. Umsóknir sendist á netfangið: alfaborg@alfaborgleikskoli.is. Umsóknarfrestur er til 15. júní 2021.



ATVINNA

Nettó Selfossi óskar eftir starfsfólki í fullt starf

Nettó Selfossi leitar að starfsfólki í almenn verslunarstörf. Um er að ræða störf sem henta fólki á besta aldri með sveigjanlegum vinnutíma. Störfin krefjast þess að starfsfólk vinni sjálfstætt eftir skipulagi vinnustaðar og geti auk þess forgangsraðað verkefnum og sýnt frumkvæði. Nettó Selfossi er reyklaus vinnustaður.

HELSTU VERKEFNI:

- Áfyllingar á vörum
- Afgreiðsla á kassa
- Þjónusta við viðskiptavinum

HÆFNISKRÖFUR:

- Rík þjónustulund
- Sjálfstæði
- Snyrtimennska
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Skipulögð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku

Samkaup hf. hlaut Menntasprotu atvinnulífsins 2020 og hefur hlotið jafnlaunavottun Jafnréttisstofu.



Samkaup hf. rekur yfir 60 verslanir víðsvegar um landið. Þær spanna allt frá lágvörðverðsverslunum til þæginda-verslana. Helstu verslunarkerfi Samkaupa eru: Nettó, Kjörbúðin, Krambúðin, Iceland og Samkaup strax. Hjá félaginu starfa um 1.380 starfsmenn í rúmlega 700 stöðugildum.

nettó

Umsóknir skulu berast í gegnum heimasíðu Samkaupa – samkaup.is

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

TIL LEIGU

Herbergi til leigu
Til leigu í Hveragerði herbergi
búið húsgögnum í einbýlishúsi á
40 þús. kr. Aðgangur að eldhúsi,
baði, þvottavél o.fl. Upplýsingar
í síma 866 1786.

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHOLD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

TIL SÖLU

Kettlingar
Til sölu nokkrir kettlingar.
Afhendast örmerktir, bólusetir
og ormahreinsaðir. Fjölbreyttir
lítir, þrílitir og loðnir. Uppl. í síma
649 1066 / 869 0498 (eftir kl. 20).

Sumardekk
Góð sumardekk á stálfelgum til
sölu. Stærð: 175-65-14, undan
Toyota Yaris. Upplýsingar í síma
897 6506.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

S. 482 1944
dfs@dfs.is

**LJÓSMYNDAR
PRENTUN**

Allar algengustu
stærðirnar

prentmet
heilðarlausnir í prentun
Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is



Sumarnámskeið í dansi

Dansakademían, sem áður starfaði undir nafninu Danslistarskólinn Artemis, mun bjóða upp á sumarnámskeið í maí og júní á Selfossi. Næsta haust mun svo skólinn hefja starfsemi sína að fullu en nú eru liðin 3 ár frá því að Danslistarskólinn Artemis stöðvaði starfsemi sína.

Þær Guðmunda Pálmadóttir og Inga Sjöfn Sverrisdóttir sem áður ráku Danslistarskólann Artemis hafa nú fengið til liðs við sig Ástrósu Guðjónsdóttur og mun skólinn opna að nýju undir nafninu Dansakademían. Þær hafa sameinað krafta sína í að skapa faglegt dansnám fyrir börn á öllum aldri með mikla áherslu á dansgleði og jákvæða upplifun barna á hreyfingu og listum. Megináhersla er lögð á jazzballett og verður námið tólmstundamiðað, jafnt fyrir stelpur og stráka. „Við viljum skapa gott umhverfi fyrir dansara á hvaða getustigi sem er til að vaxa og dafna og á sama tíma byggja upp danslistina á Selfossi,“ segir Inga Sjöfn. Guðmunda tekur undir: „Mót-tökurnar á sínum tíma voru rosalega góðar og skólinn okkar fór stækkandi. Það er greini-

lega mikill áhugi hjá börnum og ungmennum fyrir dansnámi hér á Selfossi og nágrenni og við erum spenntar að geta hafið starfsemi að nýju.“ Innkoma Ástrósar í reksturinn var nokkuð óvænt en velkomin. Þær Inga Sjöfn og Guðmunda eru sammála um að fleiri kennara þyrfti á svæðið og mikill fengur í að fá reynslubolta eins og Ástrósu í liðið. Ástrós er þekktust fyrir starf sitt sem einn af dönsurum og danshöfundum Hatara. „Ég hef alltaf kennt samhliða annarri listsköpun og finnst það ótrúlega gefandi að mæta inn í dansstúdíóið og skapa hvetjandi umhverfi fyrir börn og ungmenni. Ef það hefði ekki verið fyrir alla mína frábæru kennara þá væri ég ekki á þeim stað sem ég er á í dag.“

Skólinn mun byrja starfsemi sína að fullu næsta haust. En til þess að koma okkur í gírinn þá verður boðið upp á sumarnámskeið nú í maí og júní. Námskeiðin verða fyrir börn frá 3 ára aldri þar sem allir eru velkomnir, byrjendur og lengra komnir. Einnig verður boðið upp á danstíma fyrir 16 ára og eldri en þar verður rík áhersla lögð á styrktar- og liðleikþjálfun í gegnum dans.

KIRKJUR

Skálholtskirkja
Messa sunnudag kl. 11.00.
Prestur sr. Egill Hallgrímsson.
Organisti Jón Bjarnason.
Fjöldatakmörkun 30 manns.
Órfa sæti laus og því nauðsynlegt að tryggja sér sæti með skráningu á vefsíðunni sregill.net.

Torfastaðakirkja
Biskupstungum. Guðsþjónusta
sunnudag kl. 14.00. Prestur sr.
Egill Hallgrímsson. Organisti Jón
Bjarnason. Fjöldatakmörkun 30
manns. Hægt er að tryggja sér
sæti með því að skrá sig gegnum
vefsíðuna sregill.net.

Stóru-Borgarkirkja, Grímsnesi
Guðsþjónusta sunnudag kl.
16.00. Prestur sr. Egill
Hallgrímsson. Organisti Jón
Bjarnason. Fjöldatakmörkun 30
manns. Hægt er að tryggja sér
sæti með því að skrá sig gegnum
vefsíðuna sregill.net.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 24. apríl.
Bibliulexiur kl. 11 og guðsþjónusta
kl. 12, með ræðu verður
Eric Guðmundsson. Streymi
verður einnig haldið áfram frá
Aðventirkjunninni í Reykjavík, sjá
YouTube og Adventkirkjan.
Verið velkomin.

Sex sóttu um stöðu skólastjóra Laugalandsskóla

Starf skólastjóra við Laugalandsskóla var auglýst laust til umsóknar fyrir skömmu. Alls hafa sex sótt um starfið. Það eru Andrea Gunnarsdóttir, Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, Jónas Bergmann, Ólafía María Gunnarsdóttir og Yngvi Karl Jónsson. Einn umsækjandi óskaði eftir nafnleynd. Viðtöl standa yfir og reiknað er með að niðurstaða um ráðninguna liggi fyrir í apríllok. -gpp



Gaskútaþjófur á ferð

Þoríð hefur á að gaskútaþjófur séu á ferð um uppsveitir Árnassýslu. Þá hafa þjófarnir m.a. lagt leið sína í Skeiða- og Gnúpverjahrepp til þess að leita fanga. Allir eru því beðnir um að ganga vel frá gaskútum þegar bústaðir eða heimili eru mannlau.



Mynd: Lilja Magnúsdóttir.

Byggingaframkvæmdir á Klaustri

Verktakafyrirtækið Framrás frá Vík í Mýrdal hófst handa við gatnagerð á lóð læknisbústaðarins á Kirkjubæjarklaustri rétt fyrir páska 2021. Verið er að undirbúa lóðir fyrir þrjú hús sem búið er að úthluta til þriggja verktaka: Nýjatún ehf. mun byggja raðhús með þremur íbúðum sem fá götuheitið Skriðuvellir 2, 4, og 6. Byggðaból ehf. mun byggja parhús sem verður nr. 8 og 10 og svo mun RR tréverk ehf. byggja einbýlishús á Skriðuvöllum 14.

Læknisbústaðurinn sem fyrir er á lóðinni verður Skriðuvellir nr. 12. Verktakar geta hafist handa við byggingaframkvæmdir um leið og gatnagerð lýkur 1. maí 2021.

Skipulagðar hafa verið 8 lóðir á læknisreitnum. Skipt verður um jarðveg í öllum botnlöngunum í sumar, lagnir lagðar eftir því sem úthlutun lóða miðar áfram. Verkinu skal að fullu lokið 1. maí 2022. Stefnir er á að malbika botnlangana í beinu framhaldi, sumarið 2022.



REKSTARLAND Á SELFOSSI ER BAKHJARL BÆNDA

Í Rekstrarlandi fást allar almennar rekstrarvörur fyrir landbúnað. Nilfisk háþrýstidælur, Exide rafgeymar, gæðasmurefni og olíur á vélarnar, Ecolab lágþrýstipvottataeki ásamt hreinsiefnum, sótthreinsandi og græðandi vökvar fyrir spena og júgur.

SENDUM
UM LAND
ALLT!

Pantanir í síma 515 1100
og pontun@olis.is

Rekstrarland | Austurvegi 69 | 800 Selfossi | 480 1306 | rekstrarland.is

ECOLAB



Nilfisk



TROJAN
BATTERY COMPANY



EXIDE
TECHNOLOGIES



ECOLAB



TEXACO



Bílstjórar - Sumarstarf og framtíðarstarf

Eimskip leitar að þjónustulíprum og ábyrgum bílstjórum til starfa hjá Eimskip á Selfossi. Reglubundinn vinnutími er frá kl. 08:00 til 17:00 alla virka daga en æskilegt er að viðkomandi sé reiðubúinn að vinna lengur þegar þörf er á.

Um er að ræða bæði starf í sumarafleysingar og framtíðarstarf.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Útkeyrsla á vörum í Árnassýslu
- Lestun og losun vöru í afgreiðslu á Selfossi

Hæfniskröfur:

- Meirapróf (C) er skilyrði
- Framúrskarandi þjónustulund og jákvæðni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn hreyfing

Nánari upplýsingar um störfin veitir Helgi Sigurður Haraldsson, svæðisstjóri Eimskips á Selfossi í síma 525-7952 eða á netfangið hlh@eimskip.com.

Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu Eimskips, www.eimskip.is

Hreint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til og með 1. maí 2021.

Af rafskútuvæðingunni



Heilmikið hefur fjölgað í hópi rafhlaupahjóla eða rafskúta, rafmagnsvespna og ýmissa annarra rafknúinna farartækja í umferðinni. Hér ætlum við þó að einskorða okkur við rafskúturnar í bili. Þróunin þarf auðvitað ekki að vera slæm eða tilefni til þess að agnást út í sérstaklega. Þó fylgja öllum breytingum ákveðnir vaxtarverkir sem þarf að taka tillit til og reyna að vinna með svo að ekki hljótist slys af. Margir hafa á það bent að þessum tækjum sé ekið hratt miðað við aðstæður og jafnvel af svo litlum börnum að þau standa varla út úr hnefa og ná ekki upp fyrir stýrið á skútunni. Nú er það svo að í lögunum er ekkert sem takmarkar notkun ungra barna á rafskútunum utan atriða eins og hjálmaskyldu og bann við farþegum. Tilmæli Samgöngustofu mælast þó til þess að fara eftir leiðbeiningum framleiðanda um aldurstakmark.

Þá er engin váttryggingaskylda á hjólunum, en eigendur hvattir til að leita ráða hjá tryggingafélögum.

Ábyrgð foreldranna víðtæk

Öryggisumfjöllun og varnaðarorð byrja heimavið og það þarf í sífellu að minna börnin á góða umferðarhegðun. Við leitum á náðir Guðna Sveins Theodorssonar, ökukennara sem bæði hefur farsæla reynslu af ökukennslu á bíla og hjól um hvernig best væri að haga fræðslunni. „Það er skynsamlegt að gefa börnunum tækifæri á að æfa sig á búnaðinn áður en þau fara í umferðina, rétt eins og um önnur ökutæki væri að ræða. Þá hvílir skylda á okkur sem eldri erum að segja þeim yngri til og leggja þeim heilt til, jafnvel að meta það sem svo að bíða dálítið lengur með að kaupa rafhjól. Ég er ekki viss um að fólk geri sér vel grein fyrir því að hraði, um 25 km á klst. er bara þó nokkuð

þegar til skjalanna kemur. Við getum hugsað okkur barnavagn, gæludýr eða smábarn sem yrði fyrir þessu. Það sama gildir auðvitað um reiðhjólin sem auðvelt er að ná á mikinn hraða, enda flest komin með marga gíra. Ég held að farsælasta lausnin á þessu væri einfaldlega góð æfing á búnaðinn undir eftirliti forráðamanna, fræðsla um það sem sérstaklega þarf að varast og svo æfa neyðarvarnir. Það ætti að kenna börnunum að bregðast við þegar og ef þess þyrfti þannig að handtökin gætu verið nokkuð fumulauk,“ segir Guðni Sveinn í samtali við Dagskrána.

Tilbúin í vorið með hjálm á höfði

Undir þetta tekur fulltrúi Lögreglunnar á Suðurlandi. „Það er ekki spurning um að drífa í þessu. Æfa sig, fara yfir allan búnað og gera klárt í hjólasumarið fram undan. Þetta er ekki frábrugðið því sem mótórhjólamaður gera fyrst á vorin. Menn eru ryðgaðir eftir veturinn og það er gott og nauðsynlegt að æfa viðbrögð við hættu svo það sé alveg klárt hvernig bregðast skal við. Alltént er mikilvægt að fara yfir búnað og ekki fjarri lagi að æfa! Þá er auðvitað rétt að minna á að það er hjálmaskylda fyrir 16 ára og yngri á þessum hjólum eins og öðrum.“ -gpp



FSu heimsækir miðbæinn á Selfossi

Nemendur í áfanga í inniklæðningu í Fjölbautaskóla Suðurlands heimsóttu nýverið. Já verk og skoðuðu byggingar í nýjum miðbæ sem verið er að reisa á Selfossi. Á móti hópnun tóku þeir Guðjón Þórisson og Sævar Sverrisson og fræddu nemendur um húsin. Margt fróðlegt var skoðað, þar á meðal mismunandi klæðningar úti og inni, frágang á rakavörn, hljóðeinangrun veggja og glers, loftþéttipróf húsa, nýja tegund milliveggja, mikilvægi góðrar umgengni á byggingarstað, út á hvað Svansvottun gengur og margt, margt fleira. Nemendur voru mjög ánægðir með virkilega góða og fróðlega heimsókn um nýja miðbæinn.

Lagnþjónustan ehf
 Pípulagnir - Efnissala
 482 2311 ☎ 696 2311
 Skrifstofa Þjónustusími

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN

FAGVERK
EIGNAUMSJÓN

TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
 RAFVIRKJUN • MÚRVERK
 MÁLUN • SÓLPALLAR
 HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

Tæknipjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
 Öryggiskerfi
 Eftirlitsmyndavélakerfi
 Hljóðkerfi
 Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

FROST
 KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
 HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
 HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
 Sími 660 2970
 Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
 Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti

Bilverk BA
 - þar sem fagmennirnir vinna
 ★★★★★ Vottað verkstæði
 Gagnheiði 3 - Selfossi
 Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

D+H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
 MACC / viðskiptafræði
 dhbokhald@gmail.com
 s. 6933708

Rétting og málun

Vottað réttlingaverkstæði
 Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
 ☎ 480 8020

FYLGD
 Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT Vinnuvélanámskeið á netinu!
 www.vinnuvelaskolinn.is

BRACN AF VINÁTTU!

BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
 Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
 Rennismiði
 Innréttingar
 Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
 Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
 Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

HM

Hjólbarðar
 Betri vörur - betra verð

Juubbii
 Siggafærðir

- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
 Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
 Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

DFS.is
 FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is